



Fundargerð 200. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 20. nóvember 2025, kl. 09:30 í VM húsinu, Stórhöfða 29.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinnsson, formaður, Gunnar Sigurðsson og Einar Sveinn Kristjánsson.

Fjarfundur: Pétur Freyr Jónsson, Sigurður Gunnar Benediktsson, Ingi Bogi Hrafnsson, Kristmundur Skarphéðinsson og Einar Óskar Friðfinnsson

Fjarverandi: Helgi Már Sigurgeirsson

Dagskrá:

1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 199.

fundargerðin hefur verið send til undirritunar

2. Yfirferð formanns

- Það er búið að funda nokkrum sinnum með stéttarfélögum sjómanna, útgerðarmönnum og Verðlagsstofu skiptaverðs. Það er verið að vinna í breytingum á svokallaðri verðkúrfu. Þetta er flókin vinna og hefur gengið hægt. Vonandi náum við góðri niðurstöðu fyrir rest. Næsti fundur er einmitt núna.
- Formaður fór á fjarfund hjá Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum um uppgjör á makríl vertíðinni og horfum á síldar vertíðinni.
- Eldri borgara kaffi iðnaðarmanna á Akureyri, þar sem öll félögin standa saman. Tókst mun betur en í fyrra skiptið. Formaður komst því miður ekki, en skilst að það hafi verið um 50 manns. Þá var einnig mánaðarlegt eldri borgara kaffi hér í húsi þann 12. nóv., og var slegið met, en talið er að um 200 manns hafi mætt.
- Haldið var eitt námskeið um lífeyrismál og starfslok og varð uppselt á það. Það mættu 161 í heild, félagsmenn og makar.
- Þá verður haldið fjármálanámskeið fyrir ungt fólk 27. nóv. Og eru þegar komnir 62 á það. Bæði námskeiðin verða í fjarfundi eftir áramót.
- Trúnaðarmannaráðstefna var haldin 13. Og 14. á Selfossi. Formaður komst ekki á fimmtudeginum fyrr en um kvöldið þar sem hann átti fund með forsætisráðherra. En aftur að trúnaðarmannaráðstefnunni, formaður átt gott spjall við marga þarna en okkar menn voru ekki margir, því miður. RSÍ kynnti þarna launakönnun sína og

formaður fór yfir það að ef við vildum koma með okkar kjarakönnun þarna inn þá þyrftum við að vera með hana fyrr. Bent var á að ef við gerðum það þá myndum við vera að taka ágúst þá er sumarfrismánuður og gefur ekki rétta mynd. Formaður talaði um að halda frekar félagsfund og kynnum niðurstöður okkar kjarakönnunar.

3. Staðan á Eirhöfði

Farið var yfir stöðuna. Íbúðirnar verða klárar í næstu viku og verða fyrstu 2 íbúðirnar settar í leigu frá 4. des. Flestar leiguíbúðirnar fara í leigu 1. des. en annars 15. des. Umsóknirnar í íbúðir VM voru flestar frá mönnum sem eru búnir að greiða í VM í mörg, mörg ár og allir Íslendingar, þetta kom nokkuð á óvart. Okkur sýnist þetta vera að ganga upp eins og við vildum. Staðan á sölunni í Mánatúni er að tvær íbúðir er seldar þ.e. farnar í gegn og þriðja íbúðin var að falla á greiðslumati. Tvennt sem við getum gert í stöðunni, fjölga orlofsíbúðum tímabundið og setja Mánatúnið í leigu 3 mánuði í senn eða þá setja í almenna leigu í 6 mánuði í einu til að vega upp á móti vaxtakostnaði. Þetta er eiginlega bara stjórnar að ákveða hvað verður gert. Fram að áramótum erum við með 4 íbúðir í Mánatúni í leigu og tvær á Eirhöfða. Formaður talaði um að hafa að minnsta kosti eina íbúð sem sjúkraíbúð í Mánatúni. Ein hugmynd að opna bara mánuð í einu. Ákveðið að halda bara áfram að leigja út Mánatúnið á meðan að það selst ekki.

Stjórnarmaður var með þrjú mál sem hann óskaði eftir að fá að klára fyrst Benóný er á staðnum. Hann segist hafa verið búinn að ræða við hann um rafrænar dagbækur, koma einhverju appi á koppinn og Benóný sagði það í skoðun. Hann talaði líka um að fá inn á innri vefinn hjá VM fá stöðuna á trúnaðarmannasíðunum, og þriðja er að það var alltaf talað um að það yrði klukka á styrkjunum í Tótal þ.e. þú gætir séð hvernær þú átt rétt næst en það er ekki þannig. Þetta með klukkuna er alveg rétt en núna væri áhersla á orlofsvefinn og næst væri að skoða þetta með klukkuna.

4. Undirbúningur stjórnarkjörs

Nú er farið að styttest í að það komi að stjórnarkjöri og við erum með breyttar reglur. Kalla þarf saman kjörstjórn og uppstillinganefnd. Í nýju lögunum er þetta kannski aðeins frjálsara en verið hefur. Formaður vill að menn þurfi að skila inn framboði á þar til gerðu eyðublaði sem við útbúum þar sem allar nauðsynlegar upplýsingar koma fram, vegna framboðs vegna stjórnar og formannskjörs, núna þarf ekki lengur undirskriftir með. Hlutverk Kjörstjórnar og uppstillinganefndar er að passa að það séu nógu margir í framboði. Kosningartíminn var alltaf svolítið langur þannig að tíminn er orðinn styttri. Formaður vill að þessar reglur verði klárar fyrir janúarfundinn og þær verði sendar á alla í stjórn og varastjórn. Bent var á að í lögunum stendur „**Framboð skulu berast skrifstofu félagsins með skriflegum hætti eigi síðar en þremur vikum fyrir boðaðan aðalfund**“ Formaður talaði svo um hvernig ætti að birta úrslitin. Átta dögum í aðalfund fara kosning af stað og standa kannski í 5 daga. Svo þarf að ákveða hvernig úrslit verða tilkynnt, þegar kosningu lýkur, aftur var bent á lögin en þar stendur „**Kjörstjórn skal tilkynna stjórn félagsins um niðurstöður kosninga þegar þær liggja fyrir og skulu þær birtar félagsmönnum í kjölfarið**“ Niðurstaðan því að stjórn fái að vita úrslitin og daginn eftir séu þau birt á vefnum.

5. Jólaljafir – farið var yfir nokkra möguleika

6. Önnur má

- Ánægja með breytinguna um fjölgun hundahúsa.
- Spurt var hver staðan væri með raðhúsin á Laugarvatni, þakið og hitagrindina, og formaður sagði frá því að Gunnar Fannberg væri að reikna út kostnaðaráætlun.

- Óskað var eftir því að stjórn orlofsnefndar og stjórn fengju reglulega í tölvupósti framvinduupplýsingar um verkefni sem verið er að framkvæma sem kosti meira en tvær milljónir.

Fundi slitið 11.21

Fundarritari. Áslaug R. Stefánsdóttir